

8. Fundur í Landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar mánudaginn 17. ágúst 2015 kl. 8:00

Mætt voru Sverrir Möller, Ævar Marinósson, Sigríður Margrét Gamalíelsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson fjallskilastjóri, Elías Pétursson og Sigríður Ósk Indriðadóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá fundar:

1. Fjallskilastjóri:

Sigurður Þór, fjallskilastjóri, fór yfir fjallskilamál. Gangnaseðill er ekki alveg tilbúinn en verður lagður fyrir á næsta fundi.

Fjallskilastjóri leggur til að lagt verði fullt fjallskilagjald á Vopnfirðinga vegna ágangs frá þeirra fé.

Ævar þurfti að víkja af fundi.

2. Sveitarstjóri – staða mála:

Elías, sveitarstjóri, fór yfir þau mál og tillögur sem komið hafa frá Landbúnaðarnefnd fram að þessu.

Hefur hann verið í miklu sambandi við Vegagerðina og rekið á eftir að malarvegum sé haldið við, og mun halda því áfram.

Verið er að skoða hvernig hægt sé að vinna að sorpmálum, þá sérstaklega í sambandi við dýrahæ og rúlluplast.

Sveitarstjóri er búinn að senda landeigendum í Langanesbyggð bréf þar sem þeir eru hvattir til að fjarlægja ónýtar girðingar.

Ákveðið að halda fund fimmtudaginn 20. ágúst

Dagskrá fundarins:

Gangnaseðill.

Fundi slitið kl. 9:50